Kröfur til bænda sem halda hryssur til blóðtöku (birgja)

Leyfi

Bændur/umráðamenn sem halda hryssur til blóðtöku og bera ábyrgð á velferð þeirra teljast birgjar fyrir blóðtökuna. Þeir þurfa að hafa starfsleyfi Matvælastofnunar sem slíkir.

Umhirða

Allt hestahald sem tengist blóðtöku úr fylfullum hryssum skal uppfylla reglugerð um velferð hrossa á öllum árstíma. Hrossin skulu haldin á sérlega góðu beitilandi og hafa aðgang að fersku vatni og salti á blóðtökutímabilinu.

Bændur/umráðamenn skulu halda dagbók um daglegt eftirlit með hryssunum á blóðtökutímabilinu. Daglega skal litið til með hópnum og metið hvort einhverjar hryssur eða folöld vantar eða halda sig utan hópsins.

Innra eftirlit:

Bóndi/umráðamaður skal halda skal skrá yfir eftirfarandi:

a. Fjölda hryssna sem notaðar eru til blóðtöku
b. Skráninganúmer þeirra og örmerki
c. Dagsetningar sem sýna hvenær þær voru notaðar til blóðtöku
d. Skrá yfir hryssur sem slasast, veikjast, drepast eða eru aflífaðar á blóðtökutímabilinu og dánarorsakir ef þær eru þekktar

Bóndi/umráðamaður skal tilkynna leyfishafa blóðtöku (Ísteka ehf) svo fljótt sem verða má um atriði sem fram koma í d lið. Skrárnar skulu geymdar í amk 5 ár og gerðar aðgengilegar fyrir Matvælastofnun sé þess óskað

Skyldur leyfishafa blóðtöku, Ísteka ehf

a. Að skrár yfir hryssur í blóðtöku á hverjum blóðtökubæ eða starfsstöð séu tiltækar á blóðtökustað.

b. Að skrá öll slys, veikindi og dauðsföll á hryssum og folöldum á blóðtökutímabilinu.

c. Að skrá öll frávik sem verða við blóðtöku (þ.m.t. tilvik áberandi ótta eða streitu hjá blóðmerum við blóðtöku).

d. Að þeir sem að blóðtökunni koma fái skriflegar leiðbeiningar um sérstaka tilkynningarskyldu allra þeirra sem hafa afskipti af dýrum sbr. 9. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Tilkynna skal Matvælastofnun ef: grunur er um slæma meðferð, aðbúnað, fóðrun (holdarfar) og ef merkingar hrossa eru ekki með fullnægjandi hætti (skráningar og örmerkingar).

e. Að dýralækni sé tryggð næg aðstoð, þannig að ávallt sé manneskja við hlið hverrar blóðtökuhryssu á meðan á blóðtöku stendur.

f. Mælingar hjá opinberri rannsóknastofu á blóðrauða og/eða blóðkornahlutfalli á marktæku hlutfalli hryssnanna á hverju ári sem endar á oddatölu.

g. Að haldin sé gæðahandbók sem skal vera aðgengileg Matvælastofnun. Gæðahandbók skal að lágmarki innihalda:

    a. Verkferla við skráningu og framkvæmd skv. a - f-lið. Taka skal fram hvaða aðili á vegum leyfishafa ber ábyrgð á hverjum þætti fyrir sig.

    b. Verkeferla vegna viðbragða við frávikum sem kunna að verða við blóðtöku, svo sem: slys, veikindi, dauðsföll og merki um ótta eða streitu við blóðtöku.

h. Að senda Matvælastofnun árlega samantekt um starfsemina. Samantekt skal berast Matvælastofnun eigi síðar en 31. desember ár hvert. Samantekt skal að lágmarki innihalda:

    a. Fjölda blóðtökuhryssna deilt niður á starfsstöðvar (býli).

    b. Skrá yfir slys, veikindi og afföll á blóðtökutímabilinu.

    c. Skrá yfir önnur frávik við blóðtöku samanber c- og e-lið.

Verklagsreglur á ábyrgð Ísteka ehf

a. Ísteka ehf má einungis nýta hryssur frá birgjum með gilt starfsleyfi Matvælastofnunar til að halda hryssur til blóðtöku.

b. Einungis dýralæknar með gilt starfsleyfi á Íslandi hafa leyfi til að annast blóðtöku úr fylfullum hryssum.

    Umráðamanni er þó heimilt að taka sýni úr hryssum til að ákvarða upphaf blóðtöku með sérstöku nálakerfi eftir tilsögn dýralæknis.

c. Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 8 vikur ár hvert.

d. Blóðtöku skal lokið fyrir 5. október ár hvert.

e. Aðeins má taka blóð úr hryssum sem hafa náð fjögurra vetra aldri (verða 4 ára á árinu) og ekki má taka blóð úr hryssum sem eru eldri en 24 vetra.

f. Hryssurnar skulu vera án sjáanlegra sjúkdómseinkenna, í góðum holdum (holdastigun 3,5-4,5) og vel hirtar að öllu leyti. Hófhirðu skal lokið fyrir blóðtökutímabilið.

g. Hver dýralæknir má ekki hafa fleiri en 3 hryssur í blóðtöku samtímis (3 blóðtökubásar).

h. Ekki skulu vera fleiri en 75 hryssur með folöldum í hverjum blóðtökuhópi sem smalað er hverju sinni.

i. Aðstaða til blóðtöku skal vera þannig að ekki skapist hætta á að hryssur og folöld verði fyrir slysi.

j. Tryggt skal að hryssurnar hafi aðgang að vatni og salti strax eftir blóðtökuna.

k. Gætt skal að velferð hryssnanna við rekstur í rétt og við blóðtökuna með nærgætinni umgengni og uppbindingu.

l. Ef hryssa slasast eða veikist skal hún meðhöndluð án tafar. Ef ekki er hægt að meðhöndla eða bæta líðan hryssunnar skal hún aflífuð.

m. Hryssurnar skulu haldnar á góðu beitilandi með aðgangi að góðu vatni og salti.

Sérstök ábyrgð dýralæknis

a) Dýralæknir ber ábyrgð á þeirri meðhöndlun sem hann framkvæmir.

b) Dýralæknum er skylt að staðdeyfa stungustaðinn og skrá notkun staðdeyfilyfs í gagnagrunninn Heilsu.

c) Ef blóðtakan veldur hryssu þjáningu eða ógnar velferð hennar skal dýralæknirinn umsvifalaust hætta blóðtöku á viðkomandi hryssu.

d) Ef hryssa slasast eða veikist við blóðtöku skal hún meðhöndluð án tafar. Ef ekki er hægt að meðhöndla eða bæta líðan hryssunnar skal hún aflífuð.